

Máná (Mánaá) (1)

Sá bær er yst í Úlfsdal hinum meiri, vestan ár, gegnt Dalabæ. Milli þeirra fellur aðalá dalsins nefnd: Máná (2) mun það fornt nafn og líklega komið frá einum félagi Úlfs kappa er Máni hefur heitið og hér reist bústað sinn, gengt bæ foringjans. Er hér byggðarstæði allgott og tún hefir allmikið verið, en fremur óslétt. Er hér engjaland einnig nokkuð innan hinnar stóru samgirðingar, er verið hefir umhverfis býli þessi



Máná

bæði og getið er. Má ætla þetta verk hinna fyrstu er hér áttu byggð. Hefir þessi mikli garður legið hér skammt vestan túns og beint að sjó út, en illa við haldist sakir fjöru og brims. Er hér því annar garður mun yngri og þó forn, þvert austur um túnið nokkuð inn frá bökkunum og beint á móti Lambhagagarðinum austan ár. Virðist hann svo innarlega settur sakir sjávangangs við árkaftinn. Þá er og forn girðing hringmynduð innan hins mikla garðs vestur frá bænum. Er hún og yngri en hann og virðist helst fornt fjárból. Haglönd eru hér góð, sem hvarvetna í dölum þessum, reki og heimræði nokkuð, en lending við haf opið. Engi eru hér mikil, slétt og fögur, allt inn frá bæ milli ár og hliða fjallsins.

Lengi mun býli þetta hafa í auðn verið sem hin, á 14. 15. og 16. öld einnig um 1760 nokkra hríð; en síðan í ábúð til þessa. Við byggð þessa eru nú ýms örnefni kennd, þó fátt geymist hér fornra nafna. Nefnist hér engi slétt og fagurt skammt inn frá túni: Mánárgrund (3) fjallið vestan dalsins að vestur merkjum: Mánárfjall (4) ysta hyrna þess: Mánárhyrna (5) dalur nokkur vestur úr botni aðaldalsins: Mánárvík (6) og ströndin frá Máná að Dalaskriðum: Mánárströnd (7) þá nefnist túnið niður og út frá bæ, að hinum forna þvergarði: Heimavöllur (8) en utan hans: Niðurvöllur (9) eru á honum hávaðar nokkrir, fjárhús ofl. nýlegt, en lítið austar tóftir frá 1890-95 nefndar Gunnlaugstóftir (10), syðst í honum er og þúfa ein sem ei má nýta sem víðar er hér; en yst og neðst í Heimavelli er hólballi með tóftum, nefndur: Hesthúshóll (11). Ofanbæjar nefnist hin kringlóttu girðing: Hringur (12). Næst sunnan bæjar er: Lambhúshóll (13) vestur frá honum: Kviamór (14) en sunnan Lambhúshóls er mjór lítill hólballi með tóftum nefndur Svunta (15).

Suður með ánni innst í hinni fornu girðingu er allstór melur með fjárhústóftum mörgum og tún gott nefnast þar: Gerði (16) og standast þau á við Gerðin austan ár. Virðast fjárhús beggja býlanna hafa áður verið hér innra, flest eða öll, en síðast flest við sjó út. Utar við ána, beint niður frá bæ er Torfholt (17) og skammt utar nes lítið, nefnt: Lækjarnef (18). Skammt vestur frá túni á melhæð einni hefir gömul tóft verið, nefnd: Miðaftanstóft (19) var síðar byggð þar rétt. Suðvestur frá túni eru mýrakollar með



Mánárhryna

dældum nokkrum, nefnast þar: Hvosir (20). Vestur frá þeim, en norðan við enda Mánárfjalls, er stór hóll, nefndur: Dýrhóll (21) og ofan við hann: Dýrhólslaut (22).

Lítið vestur frá Undirvelli, sem einnig kallast nú Húsatún er kletthalein fram í sjó, nefnd: Húساهlein (23) og fram frá þrír stakir steinar nefndir: Bræður (24). Nokkuð vestar með sjónum er: Sandvík

(25) og enn nokkuð vestar (innar): Stekkjárvík (26) upp frá henni: Stekkjárlaut (27) og þar stekkjartóftir, en norðan víkur Stekkjárhlein (28). Allt frá Stekkjárvík að Mánárósi, nefnast: Ytri-Fjörur (29) en inn til merkja Innri-Fjörur (30). Inn frá Stekkjárvík er standberg lítið, nefnt: Hrafnaklöpp (31) og nokkuð innar Landsendi (32). Er þá komið að hinum bröttu Dalaskriðum sem fyrr er getið, vestan í norðurenda fjalls þess er Dalalönd og Almenninga skilur, eru þær allbreiðar og allt af háfjalli ofan; þó færar hið efra og þar alfara sumarleið, nefnd: Skriðugötur (33) en slóðir eru einnig á neðstu nöfum, ofan við flugbratta sjávarbakka nefndar Nafagötur (34) liggja þær beint milli enda strandanna og er það í minni geymt, að þar hafi eitt sinn verið með hest farið, en tvisvar um Nesskriður. Neðan við Dalaskriður er og ófært fyrir kletthöfða, er framundan þeim gengur nær miðleiðis; er hann með grastó nokkurri og nefnist því: Græniforvaði (35) eru þar landa og sýslumörk nú, þótt uppdrættir hinna dönsku foringja sýni þau um miðja Almenninga.

Austan í Mánárfjalli, nær yst og efst, en innan Mánárhrynu, er dæld ein nefnd: Bolli (36) niður frá honum gil, nefnt: Berkollugil (37) og niður frá því mikill forn framburður: Berkolluskriða (38). Allmikið sunnar er önnur meiri skál, ofarlega, nefnd: Leiðarskál (39). Sunnan og vestan við skál þessa, er mikill ávalur fjallshnjúkur, nefndur: Skálarhjúkur (40) en austur frá honum, sunnan skálar, melhöfði nokkur, nefndur Fell (41). Upp í skál þessa að austan og vestur frá henni yst, norðan hnjúksins, er leið alkunn og hin eina yfir fjall þetta, til Almenninga og Fljóta, einkum vetrarleið,

Þá torfært er um Dalaskriður. Niður frá Leiðarskál fellur Leiðarskálarlækur (42). Út frá honum að Berkollugili og allt upp milli Leiðarskálar og Bolla, nefnist vesturhlíð fjallsins: Breiðafjall (43) neðan við rætur þess Hjallar (44) og niður frá þeim: Hjallabrekkur (45).

Innst á Mánárgrund áðurnefndri er: Gamlistekkur (46) og þar niður við ána hvammar þrír litlir; niður frá Mánárgrund: Ysti-Hvammur (47) skammt innar: Mið-Hvammur (48) og innst: Syðsti-Hvammur (49) en upp frá þeim nefnast: Jaðrar (50). Þar næst innar, nær beint gegn hinu forna býli austan ár, er nes við ána, þurrleint og þýft nokkuð; tóftaleifar eru þar og nokkrar gamlar, virðist þar hafa verið lítið hjábýli um stund, þó ekki á fyrstu öldum því engar sjást þar girðingar og ókunn er byggð þessi að öllu; nefnist nú reitur þessi Þúfnamór (51) og engið þar umhverfis Þúfnamósspilda (52). Næst henni að innan, er: Litla-Spilda (53) og fellur Leiðarskálarlækur sunnan hennar; en inn frá honum nefnist Fremsta-Spilda (54). Innan hennar gengur hálfgrýtt móaspilda allt ofan að á, líklega leifar fornrar skriðu og nefnist: Stórimór (55). Neðst í honum, nær á árbakkanum, hefur verið: Mánársel (56) eru þar tvær selkofatóftir og kvíar, fáum metrum neðar en sel og kvíar Dalabæjar á eystri árbakkanum. Inn frá Stóramó eru og engjabreiðar nokkrar, út og niður frá Mánárviki, er áður getur, nefndar: Viksmýrar (57).



Undir Mánárskriðum

Vestur frá dalbotni norðan Mánárvíks er fjallstindur all hár nefndur: Vikshnjúkur (58) og berghnjúkur lítill austurfrá honum, nefndur: Litlahnjúkur (59). Norðan Litlahnjúks er dalhvolf allstórt ofarlega nefnt Stóraskál (60) en norðan hennar er Skálarnhjúkur og Fellið, hvortveggja áðurnefnt. Niður frá Stóruskál er: Stóruskálargil (61) og fellur um það Syðri-Stóruskálarlækur (62) en yst úr skálinni Ytri-Stóruskálarlækur (63). Fellur hinn syðri innan við Stóramó og Mánársel en hinn ytri utan þess.

Stafrófsröð örnefna Mána

- B -

Berkollugil 37
Berkolluskriða 38
Bolli 36
Breiðafjall 43
Bræður 24

- D -

Dýrhóll 21
Dýrhólshlein 22

- F -

Fell 41
Fremsta-Spilda 54

- G -

Gamli-Stekkur 46
Gerði 16
Græni-Forvaði 35
Gunnlaugstóftir 10

- H -

Heimavöllur 8
Hesthúshóll 11
Hjallabrekkur 45
Hjallar 44
Hrafnaklöpp 31
Hringur 12
Húsahein 23
Hvosir 20

- I -

Innri-Fjörur 30

- J -

Jaðrar 50

- K -

Kvíamór 14

- L -

Lambhúshóll 13
Landsendi 32
Leiðarskál 39
Leiðarskálarlækur 42
Litla-Spilda 53
Litli-Hnjúkur 59
Lækjarnef 18

- M -

Mánaá 1
Mána 2
Mánárfjall 4
Mánárgrund 3
Mánárhyrna 5
Mánársel 56
Mánárströnd 7
Mánárvík 6
Miðaftanstóft 19
Miðhvammur 48

- N -

Nafagötur 34
Niðurvöllur 9

- S -

Sandvík 25
Skálarhnjúkur 40
Skriðugötur 33
Stekkjjarhleinn 28
Stekkjjarlaut 27
Stekkjjarvík 26
Stóraskál 60
Stóri-Mór 55
Stóruskálargil 61
Stóruskálarlækur-Syðri 62
Stóruskálarlækur-Ytri 63
Svunta 15
Syðri-Stóruskálarlækur 62
Syðsti-Hvammur 49

- T -

Torfholt 17

- V -

Vikshnjúkur 58
Viksmýrar 57

- Y -

Ysti-Hvammur 47
Ytri-Fjörur 29
Ytri-Stóruskálarlækur 63

- Þ -

Þúfnamór 51
Þúfnamósspilda 52



Mánárdalur